

AÐGERÐARÁÆTLUN
GARÐABÆJAR Í
JAFNRÉTTISMÁLUM
2024-2026



GARÐABÆR

Aðgerðaáætlun Garðabæjar í jafnréttismálum 2024-2026

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| I. Inngangur..... | 2 |
| II. Garðabær sem stjórnvald..... | 2 |
| 1. Greining á stöðu jafnréttismála í Garðabæ | 2 |
| 2. Nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins | 4 |
| 3. Ráðstöfun fjármagns | 4 |
| 4. Inngilding og öryggi íbúa Garðabæjar | 5 |
| 5. Jafnréttissjónarmiðum fylgt eftir..... | 6 |
| III. Garðabær sem vinnuveitandi | 7 |
| 1. Atvinnuauklýsingar og ráðningar | 7 |
| 2. Launajafnrétti | 8 |
| 3. Starfsþjálfun, starfsþróun, endurmenntun og símenntun | 9 |
| 4. Samræming atvinnu- og fjölskyldulífs | 10 |
| 5. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi | 11 |
| 6. Unnið gegn mismunun á vinnustöðum á grundvelli annarra ástæðna | 11 |
| IV. Garðabær sem þjónustuveitandi | 12 |
| 1. Upplýsingagjöf og umsóknir um þjónustu..... | 12 |
| 2. Þjónusta við eldra fólk | 12 |
| 3. Þjónusta við fatlað fólk..... | 13 |
| 4. Þjónusta við innflytjendur og flóttafólk..... | 14 |
| 5. Þjónusta við börn..... | 15 |

I. Inngangur

Lýðræðislegt samfélag byggir á þeim grunni að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta réttinda óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, efnahagi, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Markmiðið með aðgerðaráætlun Garðabæjar er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum fyrir einstaklinga á öllum sviðum samfélagsins.

Aðgerðaráætlunin byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og lögum nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála.

II. Garðabær sem stjórnvald

Garðabær er bæjarfélag sem virðir lýðræði og jafnrétti. Unnið skal að því að tryggja öllum einstaklingum jöfn tækifæri og möguleika til áhrifa. Fjölbreyttar þarfir eru viðurkenndar.

1. Greining á stöðu jafnréttismála í Garðabæ

Tölfræðileg gögn eru forsenda þess að hægt sé að leggja mat á stöðu jafnréttismála í sveitarfélaginu. Lagt er til að sérstök áhersla verði lögð á öflun slíkra gagna á tímabili aðgerðaráætlunar.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|---|---|---------------------------------------|------------------------------------|------------------------|
| Öflun tölfræðiupplýsinga um stöðu jafnréttis innan Garðabæjar | Upplýsinga aflað um fjölda fullorðinna með lögheimili í Garðabæ eftir ríkisfangi, aldri og kyni | Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs | Þjónustu- og þróunarsvið | Á 1. ársfjórðungi |
| | Upplýsinga aflað um fjölda barna með lögheimili í Garðabæ eftir ríkisfangi, aldri og kyni | Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs | Þjónustu- og þróunarsvið | Á 1. ársfjórðungi |
| | Greina notendur fjárhagsaðstoðar eftir kyni, aldri, fjölskyldustærð, starfsgetu og ríkisfangi | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Verkefnastjóri fjárhagsaðstoðar | Í hverjum mánuði |
| | Greina umsækjendur um félagslegt húsnæði eftir kyni, aldri, fjölskyldustærð og ríkisfangi | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Verkefnastjóri félagslegs húsnæðis | Í hverjum ársfjórðungi |

| | | | | |
|--|---|--|--|---------------|
| | Greina notendur félagslegrar ráðgjafar eftir kyni, aldri og ríkisfangi | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið Garðabæjar | Tvisvar á ári |
| | Greina notendur sérstaks húsnæðisstuðnings eftir kyni, aldri og ríkisfangi | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið Garðabæjar | Tvisvar á ári |
| | Greina notendur í samræmdri móttöku flóttafólks eftir kyni, aldri og ríkisfangi | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Verkefnastjóri í samræmdri móttöku flóttafólks | Tvisvar á ári |
| | Greina börn í samþættri þjónustu í þágu farsældar barna eftir kyni, aldri og ríkisfangi | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið Garðabæjar | Tvisvar á ári |
| | Greina notendur stuðningsþjónustu eftir kyni, aldri og ríkisfangi | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu | Tvisvar á ári |
| | Greina notendur stoðþjónustu eftir kyni, aldri og ríkisfangi | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið Garðabæjar | Tvisvar á ári |
| | Upplýsinga aflað um fjölda barna í leikskólum eftir kyni, aldri og ríkisfangi | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Leikskólafulltrúi | Á hverju ári |
| | Upplýsinga aflað um fjölda barna í grunnskólum eftir kyni, aldri og ríkisfangi | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Grunnskólafulltrúi | Á hverju ári |
| | Greining á fjölda barna sem nýtt hafa hvatapeninga eftir kyni, aldri og ríkisfangi | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Íþrótta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi | Á hverju ári |
| | Greining á fjölda barna í frístund eftir kyni, aldri og ríkisfangi | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Íþrótta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi | Á hverju ári |

| | | | | |
|---|---|---|-----------------------------|--------------|
| Tölfræði- upplýsingar er varða jafnréttismál sáu aðgengileg íbúum | Birting tölfræðiupplýsinga um jafnréttismál á heimasíðu Garðabæjar | Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs | Þjónustu- og þróunarsvið | Á hverju ári |
|---|---|---|-----------------------------|--------------|

2. Nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins skal hafa jöfn kynjahlutföll. Stefnt skal að því að fjölbreytni samfélagsins endurspeglar í ráðum, nefndum og stjórnnum sveitarfélagsins. Efla skal fræðslu meðal kjörinna fulltrúa um mismunun.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|--|---|---|---|
| Jöfn hlutföll kynja og fjölbreytileiki í nefndum, ráðum og stjórnnum | Að jöfn kynjahlutföll og fjölbreytileiki sé viðhafður við tilnefningu og kosningu í nefndir, ráð og stjórnir | Framboðslistar og bæjarstjórn | Bæjarstjórn | Við upphaf kjörtímabils og eftir þörfum |
| Efla fræðslu um hinsegin málefni meðal kjörinna fulltrúa | Kjörnir fulltrúar sækir fræðslu um hinsegin málefni | Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs | Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs | Á hverju kjörtímabili |
| Efla fræðslu um jafnrétti og mismunun | Kjörnir fulltrúar sækir fræðslu um jafnrétti og mismunun, svo sem á grundvelli fötlunar, uppruna og aldurs | Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs | Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs | Á hverju kjörtímabili |

3. Ráðstöfun fjármagns

Hafa skal jafnréttissjónarmið í huga við alla stefnumótun, áætlanagerð og ráðstöfun fjármagns til að koma í veg fyrir mismunun og tryggja betur félagslegt réttlæti í þjónustu sveitarfélagsins.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|--|--|------------------|------------------------------------|
| Jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins | Upplýsingar um stöðu jafnréttismála nýttar við gerð fjárhagsáætlunar | Bæjarstjórn Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs | Sviðsstjórar | Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert |

| | | | | |
|---|---|-------------|--------------|-----------------------------------|
| Styrkir og verðlaun sveitarfélagsins stuðli að jafnrétti, mannréttindum og jöfnum tækifærum | Jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi við úthlutun styrkja og verðlauna | Bæjarstjórn | Sviðsstjórar | Við úthlutun styrkja og verðlauna |
|---|---|-------------|--------------|-----------------------------------|

4. Inngilding og öryggi íbúa Garðabæjar

Leita skal leiða til að tryggja betur öryggi þeirra hópa íbúa sem eru útsettir fyrir fordómum, ofbeldi og útilokun vegna þeirra mismununarástæðna sem til umfjöllunar eru í jafnréttisstefnu Garðabæjar.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|---|---------------------------------------|--------------------------|------------------|
| Auka þátttöku fólks af erlendum uppruna í samfélaginu | Íbúafundir á ensku | Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs | Samskiptastjóri | Einu sinni á ári |
| | Tryggja að lýðræðisverkefnið <i>Betri Garðabær</i> sé aðgengilegt á fleiri tungumálum en íslensku | Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs | Þjónustu- og þróunarsvið | Einu sinni á ári |
| Fjölmenningsstefna endurspeglar áherslur Garðabæjar í málefnum fólks af erlendum uppruna | Endurskoða fjölmenningsstefnu sveitarfélagsins | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Vor 2025 |
| Gott aðgengi allra að stofnunum og opnum svæðum sveitarfélagsins | Unnið verði að úrbótum samkvæmt úttekt á aðgengi fyrir hreyfihamlaða á helstu stofnunum, leiksvæðum og stoppistöðvum Garðabæjar | Sviðsstjóri umhverfissviðs | Umhverfissvið | Vor 2025 |
| | Sækja um framlög úr framkvæmdasjóði Jöfnunarsjóðs til aðlögunar húsnæðis, m.a. fyrir hreyfihamlaða | Sviðsstjóri umhverfissviðs | Umhverfissvið | Eftir þörfum |
| | Þátttaka í verkefninu <i>Römpum upp Ísland</i> | Sviðsstjóri umhverfissviðs | Umhverfissvið | Vor 2025 |

| | | | | |
|--|--|--|--|---------------------------|
| | Einkaklefar í íþróttamiðstöðvum óháð kyni | Sviðsstjóri umhverfissviðs | Umhverfissvið | Vor 2026 |
| Vinna gegn fordómum og hatursorðræðu í sveitarfélaginu | Gerð og innleiðing samskiptasáttmála fyrir skóla Garðabæjar | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Fræðslu- og menningarsvið Skólar Garðabæjar | Vor 2025 |
| | Fræðsla útbúin fyrir íbúa og stofnanir um verkefni sveitarfélagsins í þágu fólks af erlendum uppruna | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Verkefnastjóri samræmdrar móttöku flóttafólks | Haust 2024 |
| | Kynningarefni sveitarfélagsins endurspeglir fjölbreyttan hóp, t.a.m. fólk af erlendum uppruna og fatlað fólk | Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs | Samskiptastjóri | Við útgáfu kynningarefnis |
| Stuðla að auknu öryggi íbúa sveitarfélagsins | Reglulegir fundir samfélagslögreglu, skóla, velferðarsviðs og fræðslu- og menningarsviðs | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Sviðsstjóri velferðarsviðs | Fræðslu- og menningarsvið og velferðarsvið | Á hverjum ársfjórðungi |
| | Mánaðarlegir samráðsfundir barnaverndarþjónustu og lögreglu | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Deildarstjóri barnaverndarþjónustu | Í hverjum mánuði |
| | Þátttaka í verkefninu Saman gegn ofbeldi | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Viðvarandi |
| | Tengiliður félagsþjónustu við mansalsteymi Bjarkarhlíðar | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Uppfært eftir þörfum |

5. Jafnréttissjónarmiðum fylgt eftir

Öllum stofnunum, nefndum og ráðum á vegum Garðabæjar ber að vinna samkvæmt jafnréttisstefnu Garðabæjar, lögum og alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að og varða jafnréttismál.

Framvinda aðgerðaáætlunar skal rædd í bæjarstjórn á hverju ári, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 151/2020. Aðgerðaáætlun skal endurskoðuð eftir þörfum.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|---|----------------------------------|-------------------|---------------|
| Eftirfylgni aðgerðaáætlunar | Framvinda aðgerðaáætlunar rædd í bæjarstjórn | Bæjarstjórn | Bæjarstjórn | Á hverju ári |
| | Framvinda aðgerðaáætlunar rædd í velferðarráði | Formaður velferðarráðs | Velferðarráð | Tvisvar á ári |
| Jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi við stefnumótun og áætlanagerð | Jafnréttissjónarmið skulu höfð til hliðsjónar við stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins | Bæjarstjórn Stjórnendur | Stjórnendur | Viðvarandi |
| Að starfsfólk, nefndarfólk og ráðsfólk sé upplýst um inntak jafnréttisstefnu Garðabæjar og aðgerðaáætlunar | Jafnréttisstefna og aðgerðaáætlun kynnt fyrir starfsfólki stofnana Garðabæjar | Sviðsstjórar Stjórnendur | Allir stjórnendur | Reglulega |
| | Jafnréttisstefna og aðgerðaáætlun kynnt fyrir nefndum og ráðum Garðabæjar | Sviðsstjórar Stjórnendur | Velferðarsvið | Reglulega |
| Kynning á jafnréttisstefnu og aðgerðaáætlun fyrir íbúa sveitarfélagsins | Jafnréttisstefna og aðgerðaáætlun kynnt fyrir íbúum | Sviðsstjóri þjónustu- og þróunar | Samskiptastjóri | Reglulega |

III. Garðabær sem vinnuveitandi

1. Atvinnuauglýsingar og ráðningar

Störf sem laus eru til umsóknar skulu standa öllum opin óháð kyni. Við ráðningar starfsfólks ber að vinna sérstaklega að því að jafna stöðu kynjanna innan stofnana og stuðla að því að störf flokkist ekki í kyngreind störf. Við ráðningu er óheimilt að mismuna kynjum á grundvelli fjölskyldustöðu eða annarra þátta þar sem ætla má að kynbundnir einkahagir hafi áhrif.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|---|------------------------------|
| Störf sem eru laus til umsóknar skulu standa öllum opin | Í öllum atvinnuauðglýsingum skal hvetja áhugasama einstaklinga, án tillits til kyns, til að sækja um störf | Mannauðsstjóri | Mannauðsstjóri og mannauðs- og kjaradeild | Við auðglýsingu nýrra starfa |
| | Við gerð fjárhagsáætlunar sé gert ráð fyrir miðlægum stöðugildum fyrir fólk með skerta starfsgetu | Mannauðsstjóri | Mannauðsstjóri | Við gerð fjárhagsáætlunar |
| | Samstarf við VMST varðandi atvinnuþátttöku fatlaðs fólks | Sviðsstjóri velferðarsviðs/ Mannauðsstjóri | Velferðarsvið | Viðvarandi |
| | Samstarf við VMST varðandi atvinnuþátttöku fólks af erlendum uppruna | Sviðsstjóri velferðarsviðs/ Mannauðsstjóri | Velferðarsvið | Viðvarandi |
| Jafna stöðu kynja innan stofnana | Við ráðningu skal umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein ganga fyrir við ráðningu ef hann er jafnhæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur | Stjórnendur | Stjórnendur | Við ráðningu í störf |
| Auka fjölbreytileika meðal starfsfólks Garðabæjar | Leitast skal við að ráða fjölbreyttan hóp fólks til starfa innan stofnana, svo sem fólk af erlendum uppruna og með skerta starfsgetu | Stjórnendur | Stjórnendur | Við ráðningu í störf |

2. Launajafnrétti

Garðabær leggur áherslu á að veita íbúum bæjarins framúrskarandi þjónustu og sækist eftir að ráða til starfa metnaðarfulla og færa einstaklinga af öllum kynjum sem eru jákvæðir, faglegir og áreiðanlegir. Jafnlaunastefna Garðabæjar er mikilvægur hlekkur í að styðja við þau markmið.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|--|--------------|------------------------------|------------|
| Tryggja skal launajafnrétti starfsfólks óháð kyni | Viðhaldsvottun jafnlaunakerfis | Jafnlaunaráð | Ábyrgðarmenn jafnlaunakerfis | Árlega |
| | Launagreining framkvæmd og rýnd | Jafnlaunaráð | Ábyrgðarmenn jafnlaunakerfis | Árlega |
| | Óútskýrður launamunur leiðréttur án tillits til kyns | Jafnlaunaráð | Ábyrgðarmenn jafnlaunakerfis | Viðvarandi |
| Að hvorki sé ómálefnalegur launamunur á mánaðarlaunum né heildarlaunum miðað við fullt starf | Metið og rýnt árlega | Jafnlaunaráð | Ábyrgðarmenn jafnlaunakerfis | Árlega |

3. Starfsþjálfun, starfsþróun, endurmenntun og símenntun

Starfsþjálfun, starfsþróun, sí- og endurmenntun skal standa starfsfólki til boða óháð kyni. Við úthlutun verkefna, tilfærslu verkefna og við starfsþróun skal þessa ávallt gætt að kynjum sé ekki mismunað.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|---|----------------|---|-------------------------------|
| Starfsþjálfun, starfsþróun, endurmenntun og símenntun skal vera aðgengileg öllum kynjum óháð aldri og þjóðernisuppruna | Könnun lögð fyrir starfsmenn þriðja hvert ár um hvort þeir upplifi kynjajafnrétti, jafnrétti m.t.t. þjóðernisuppruna og aldurs varðandi starfsþjálfun, starfsþróun, endurmenntun og símenntun | Stjórnendur | Mannauðsstjóri í samvinnu við Jafnréttisstofu | Þriðja hvert ár |
| Minnkað starfshlutfall og sveigjanleg starfslok eftir því sem árin færast yfir | Starfsfólki, 65 ára og eldra, skal boðið upp á tveggja daga starfslokanámskeið | Mannauðsstjóri | Mannauðsstjóri | Árlega |
| Íslenskunámskeið fyrir starfsfólk af erlendum uppruna | Starfsfólki boðið upp á stöðumat og 10 vikna íslenskunámskeið í kjölfarið m.t.t. getu/kunnáttu | Mannauðsstjóri | Mannauðsstjóri | Námskeið að hausti og að vori |

| | | | | |
|---|--|----------------|-----------------|------------|
| Starfsfólk sé upplýst og þekki jafnréttisstefnu Garðabæjar og aðgerðaáætlun | Jafnréttisstefna og aðgerðaáætlun aðgengileg á vefsíðu og innri vef Garðabæjar | Stjórnendur | Samskiptastjóri | Haust 2024 |
| | Fræðsla um jafnréttisstefnu og aðgerðaáætlun til starfsmanna | Mannauðsstjóri | Mannauðsstjóri | Vor 2025 |

4. Samræming atvinnu- og fjölskyldulífs

Koma skal til móts við starfsfólk hvað varðar fjölskylduábyrgð, m.a. með því að það fái tækifæri til að sinna nauðsynlegum skyldum gagnvart börnum, maka og foreldrum eins og kostur er.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|---|--|----------------|------------------|------------|
| Að auðvelda öllum kynjum að samræma starf og fjölskylduábyrgð | Stefnt skal að því að koma til móts við óskir starfsfólks um sveigjanlegan vinnutíma, eftir því sem við verður komið, með hliðsjón af eðli starfs | Mannauðsstjóri | Stjórnandi | Viðvarandi |
| | Stefnt skal að því að koma til móts við óskir starfsfólks um hlutastörf eða aðra vinnuhagræðingu eftir því sem við verður komið, með hliðsjón af eðli starfs | Mannauðsstjóri | Stjórnandi | Viðvarandi |
| Tryggt sé að starfsfólki sé ekki mismunað vegna fæðingar- og foreldraorlofs | Upplýsingar um rétt fólks til fæðingar- og foreldraorlofs sé hluti af þekkingu stjórnenda | Stjórnendur | Stjórnendur | Viðvarandi |

5. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi

Einelti, ofbeldi, kynferðisleg eða kynbundin áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum Garðabæjar. Stjórnendum Garðabæjar ber skylda til að láta slíka hegðun ekki viðgangast. Hjá Garðabæ er unnið eftir stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis. Stefna og viðbragðsáætlun eru aðgengilegar í Gæðahandbók Garðabæjar og á innri vef.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|---|--|----------------|--|------------------------|
| Að einelti, kynferðisleg áreitni kynbundið áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað á vinnustöðum Garðabæjar | Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis sé endurskoðuð eftir þörfum, a.m.k. árlega | Mannauðsstjóri | Mannauðsstjóri | Árlega Eftir þörfum |
| | Reglubundin fræðsla um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi og hatursorðræðu | Stjórnendur | Stjórnendur | Árlega |
| | Könnun lögð fyrir starfsmenn um upplifað áreitni eða ofbeldi á vinnustað | Mannauðsstjóri | Hjördís Sigursteinsdóttir dósent við Háskólann á Akureyri | Á tveggja ára fresti |

6. Unnið gegn mismunun á vinnustöðum á grundvelli annarra ástæðna

Stuðlað skal að því að starfsfólk upplifi sig öruggt á vinnustöðum Garðabæjar, óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|---|----------------|------------------|----------------|
| Efla vitneskju stjórnenda sveitarfélagsins um hinsegin málefni | Fræðsla frá Samtökunum 78 til stjórnenda á grundvelli samstarfssamnings | Mannauðsstjóri | Mannauðsstjóri | Árlega |
| Efla vitneskju um jafnrétti og mismunun á vinnustöðum sveitarfélagsins | Hvetja starfsfólk til að sækja fræðslu um jafnrétti og mismunun, svo sem á grundvelli fötlunar, uppruna og aldurs | Mannauðsstjóri | Mannauðsstjóri | Annað hvert ár |

IV. Garðabær sem þjónustuveitandi

1. Upplýsingagjöf og umsóknir um þjónustu

Garðabær sem þjónustuveitandi skal ávallt hafa til grundvallar jafnréttissjónarmið í allri þeirri þjónustu sem bærinn veitir íbúum Garðabæjar.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|--|---------------------------------------|--------------------------|------------|
| Tryggja stafrænt aðgengi fyrir alla notendur, óháð fötlun, aldri, og tungumálakunnáttu | Upplýsingar og umsóknir um þjónustu séu aðgengilegar í hljóði og texta | Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs | Þjónustu- og þróunarsvið | Vor 2025 |
| | Auka hlutfall upplýsinga á heimasíðu Garðabæjar á auðlesnu máli | Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs | Þjónustu- og þróunarsvið | Haust 2025 |

2. Þjónusta við eldra fólk

Eldra fólk skal tryggð heimaþjónustu og stuðningur við hæfi. Mikilvægt er að þjónustan sé byggð á skýrum markmiðum, veitt þegar hennar er þörf, á forsendum fólksins sjálfs og á réttu þjónustustigi.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|--|----------------------------|------------------|-----------------|
| Að eldra fólk fái markvissa og samfellda þjónustu heim samkvæmt faglegu mati | Stuðlað skal að samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Fyrir lok 2025 |
| | Áreiðanleg matstæki skulu notuð til að meta þörf fyrir stuðning | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Viðvarandi |
| Stuðlað skal að heilbrigðri öldrun | Almenn og sérhæfð öldrunarráðgjöf kynnt fyrir eldra fólk og aðstandendum | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Á hverju hausti |
| | Starf innan félagsmiðstöðva kynnt fyrir eldra fólk | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Á hverju hausti |

| | | | | |
|--|---|----------------------------|---------------|------------|
| | Samstarf við aðila og félagasamtök um heilsueflingu eldra fólks | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Viðvarandi |
|--|---|----------------------------|---------------|------------|

3. Þjónusta við fatlað fólk

Fatlað fólk skal njóta mannréttinda og mannfrelsis til fulls og til jafns við annað fólk.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|---|--|-------------------|--------------|
| Stuðla að aukinni þátttöku fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði | Hvetja stofnanir og fyrirtæki í Garðabæ til að veita fötluðu fólki aukin tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Á hverju ári |
| Stuðla að farsælli innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks | Rýna landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2024-2027 og kynna aðgerðir fyrir nefndum og ráðum | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Haust 2024 |
| Auka sýnileika og þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu | Horfa til þarfa og hæfileika fatlaðs fólks við skipulagningu menningarviðburða | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Menningarfulltrúi | Viðvarandi |
| Vinna að fjölbreyttari virkniúrræðum fyrir fatlað fólk í Garðabæ | Ljúka undirbúningi vegna reksturs virknimiðstöðvar í Garðabæ | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Vor 2026 |

4. Þjónusta við innflytjendur og flóttafólk

Sveitarfélagið skal stuðla að farsælli inngildingum fólks af erlendum uppruna í samfélagið.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|---|---|--|---|------------|
| Gott aðgengi að þjónustu og ráðgjöf fyrir viðkvæma hópa, svo sem flóttafólk | Viðhalda reglulegum opnum viðtalstímum fyrir flóttafólk sem búsett er í Garðabæ | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Viðvarandi |
| | Endurskoðun verklags í þjónustuveri við fyrstu komu flóttafólks | Sviðsstjóri velferðarsviðs | Velferðarsvið | Haust 2024 |
| Auka sýnileika og þátttöku fólks af erlendum uppruna | Horfa til þarfa og hæfileika fólks af erlendum uppruna við skipulagningu menningarviðburða | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Menningarfulltrúi | Viðvarandi |
| Farsæl aðlögun barna af erlendum uppruna í skólum | Vinnuhópur myndaður sem rýnir og samræmir verklag um móttöku barna af erlendum uppruna í skólum | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Skólastjórnendur | Fræðslu- og menningarsvið Skólastjórnendur | Haust 2024 |

5. Þjónusta við börn

Öll börn skulu njóta jafnra tækifæra án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Framkvæmdaraðili | Tímarammi |
|--|---|--|--|----------------------------|
| Efla réttindi barna í Garðabæ | Garðabær hljóti viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Stýrihópur um barnvænt sveitarfélag | Fyrir lok árs 2024 |
| Skólar hafi gilda jafnréttisáætlun | Skólar endurnýi jafnréttisáætlanir sínar á tímabili aðgerðaáætlunar | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Leikskólafulltrúi Grunnskólafulltrúi Skólastjórar og forstöðumenn í félags- og frístundastarfi | Vor 2025 |
| Tryggja virðingu og viðurkenningu barna á félagslegum, menningarlegum og einstaklingbundnum fjölbreytileika og fyrirbyggja hatursorðræðu | Fræðsla fyrir börn um hinsegin málefni | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Leikskólafulltrúi Grunnskólafulltrúi Skólastjórar og forstöðumenn í félags- og frístundastarfi | Verkefni í gangi 2023-2025 |
| | Fræðsla fyrir börn um fjölbreytileika samfélagsins og kynjafræði | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Leikskólafulltrúi Grunnskólafulltrúi Skólastjórar og forstöðumenn í félags- og frístundastarfi | Haust 2024 - vor 2026 |
| Jöfn tækifæri í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi | Samstarfssamningar við frístundafélög kveði á um jöfn tækifæri í íþrótt- og frístundastarfi | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Íþrótt- og tómsundafulltrúi | Viðvarandi |
| | Auka aðgengi fatlaðra ungmenna að frístundastarfi | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs | Íþrótt- og tómsundafulltrúi | Vor 2026 |
| Jöfn tækifæri ungmenna til sumarvinnu | Tryggja sumarvinnu til ungmenna með fötlun | Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Sviðsstjóri velferðarsviðs | Fræðslu- og menningarsvið Velferðarsvið | Á hverju ári |